



Alþingi  
Erindi nr. P 137/16  
komudagur 27.5.2009

26. maí 2009  
SI-52015

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. maí 2009, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, stofnun hlutafélags, heildarlög.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a. að það hafi verið lagt fram á síðasta þingi en hafi ekki orðið að lögum fyrir þinglok. Þá segir enn fremur að frumvarpið sé í meginatriðum óbreytt nema að tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í nefndarálitum efnahags- og skattanefndar, auk þess sem gert sé ráð fyrir að félagið geti veitt fjármálafyrirtækjum sérhæfða ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu sem unnið er að á þeim vettvangi.

Efnahags- og skattanefnd óskaði eftir umsögn Seðlabanka Íslands um fyrra frumvarpið sem ekki varð að lögum á síðasta þingi. Í umsögn sinni sem dagsett er 20. mars sl. og er meðfylgjandi lagði Seðlabankinn til að gerðar yrðu fjórar breytingar á því frumvarpi, en nefndin hefur aðeins fallist á eina þeirra, þ.e. að skerpa orðalag 2. mgr. 3. gr. um söluskyldu á eignarhlutum sem félagið hefur eignast.

Seðlabanki Íslands er hlynntur því að hið nýja frumvarp verði samþykkt en vísar að öðru leyti til umræddrar umsagnar bankans frá 20. mars sl. um fyrra frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Hraald Öygard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Fskj.: Afrit af umsögn Seðlabankans frá 20. mars sl.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

May 26, 2009  
SI-52015

Standing Committees of Althingi  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

With a letter dated May 22, 2009, the Parliamentary Economics and Tax Committee requested a statement from the Central Bank of Iceland on a bill of legislation concerning the establishment of a limited liability company to support the reorganisation of commercial undertakings of national significance (Case 1, establishment of limited liability company, comprehensive legislation).

In the comments on the legislative bill, it is stated, among other things, that the bill was presented before the last Parliamentary session but had not been passed by the end of that session. The comments state also that the bill is unchanged in its fundamentals, except that consideration was given to the comments presented in the opinions submitted by the Economics and Tax Committee. Furthermore, it is assumed that the company can provide financial undertakings with specialised consultancy services related to the financial restructuring being carried out in that setting.

The Economics and Tax Committee requested that the Central Bank of Iceland submit a statement on the previous bill, which was not passed during the last legislative session. In its statement of March 20, a copy of which accompanies this letter, the Central Bank recommended four amendments to that bill, but the Committee has included only one of them; that is, to enhance the precision of the wording of Article 3, Paragraph 2, concerning the requirement to sell holdings that the company has acquired.

The Central Bank of Iceland is in favour of the enactment of the new bill but, in other respects, makes reference to the cited statement on the previous bill, which was prepared by the Bank on March 20, 2009.

Respectfully yours,  
CENTRAL BANK OF ICELAND

Svein Harald Öygard  
Governor

Arnór Sighvatsson  
Deputy Governor



20. mars 2009

SI-50392

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvið@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 13. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál.

Seðlabankinn telur að umrætt eignaumsýslufélag eigi einkum að koma að endurskipulagningu stórra þjóðhagslegra mikilvægra fyrirtækja, sem hefðu kerfislega þýðingu, þ.e. fyrir starfsemi annarra fyrirtækja og hagkerfið allt.

Seðlabankinn telur að skerpa megi á orðalagi 2. mgr. 3. gr. um söluskylduna á þennan hátt:

*Eignarhluti í atvinnufyrirtækjum sem félagið hefur eignast og orðin eru rekstrarhæf skal selja svo skjótt sem markaðsaðstæður leyfa.*

Í 1. mál. 4. gr. segir að fjármálaráðherra *eða félag í eigu ríkissjóðs* fari með eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu.

Seðlabankinn telur að þegar slíkt félag er milliliður milli ráðherra og eignaumsýslufélags geti ábyrgðin á eignaumsýslufélaginu orðið óskýr. Telja verður að sjálfstæð stjórn eignaumsýslufélagsins sem bæri ábyrgð gagnvart ráðherra væri heppilegra fyrirkomulag.

Í 1. mgr. 5. gr. segir að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Seðlabankinn telur æskilegt að fram komi með skýrum hætti hvaða ráðherra skipi í stjórn félagsins og að stjórnin verði eingöngu skipuð fagmönnum.

Í 1. mgr. 6. gr. er talað um *aðila vinnumarkaðarins* án nánari afmörkunar. Seðlabankinn telur æskilegt að skilgreina betur hvað átt sé við með umræddum orðum.

Seðlabankinn er engu að síður hlynntur því að frumvarpið nái fram að ganga. Bankinn telur mjög mikilvægt að slíkt eignaumsýslufélag sé stofnað

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

til þess að hinum þjóðhagslegu mikilvægu atvinnufyrirtækjum verði stjórnað og þau endurskipulögð á virkan hátt, þar sem það mun hjálpa til við að efla að nýju vöxt í íslensku hagkerfi.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Óygard  
seðlabankastjóri



Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri